

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

744. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 2. apríl 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Unglistahátíðin Eldur í Húnaþingi.
2. Bréf Orkufjarskipta hf.
3. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss.
4. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi.
5. Bréf Alþingis.
6. Bréf Alþingis.
7. Bréf Kvennabands Vestur-Húnavatnssýslu.
8. Bréf Þorbjörns Gíslasonar.

Afgreiðslur:

1. Lögð fram drög að samningi milli Landsbankans á Hvammstanga, Kaupfélags V-Húnavetninga, Sláturhúss KVH, Húnaþings vestra, Forsvar ehf. og Unglistahátíðarinnar Eldur í Húnaþingi um allt að 400.000 kr. styrk árlega árin 2012-2015, sem nota skal til að ráða verkefnastjóra við hátíðina. Hlutur Húnaþings vestra í samningi þessum er kr. 175.000 á ári. Í samningnum við Húnaþing er einnig gert ráð fyrir almennum styrk að upphæð kr. 400.00 á ári árin 2012-2015. Oddviti og sveitarstjóri eru mættir á fundinn til að kynna þennan lið. Byggðarráð samþykkir framlögð drög að samningi og felur sveitarstjóra undirritun hans.
2. Lagt fram bréf Orkufjarskipta hf. um lagningu ljósleiðara frá Blönduvirkjun að Hrutatungu. Ítrekuð er beiðni um framkvæmdaleyfi á því svæði sem er í eigu Húnaþings vestra. Oddviti og sveitarstjóri sitja fundinn undir þessum lið. Kynntu þeir fund sem þeir áttu með starfsmönnum Orkufjarskipta ehf. Erindinu vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
3. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sem eru í gangi s.s endurbætur á vinnuskólahúsi, viðhaldi tækja, viðhaldi íbúða, skólahúsnæðis ofl.
4. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 26. mars s.l. þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Knúts A. Óskarssonar f.h. Ósfells ehf. um leyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitinga og gististaði. Sótt er um leyfi til að reka veitingastofu/greiðasölu í flokki II yfir veitingastaði í þjónustuhúsi að Ósum 531 Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
5. Lagt fram til kynningar bréf Alþingis, þar sem sveitarfélögum er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, mál 120.
6. Lagt fram til kynningar bréf Alþingis, þar sem sveitarfélögum er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu til þingsályktunar um tímasetta áætlun um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga, mál 220.
7. Lagt fram bréf Kvennabands Vestur-Húnavatnssýslu dags 25. mars s.l. þar sem óskað er eftir styrk frá sveitarfélaginu vegna útgáfu afmælisrits með sögu félagsins og kvenfélaganna í sýslunni. Byggðarráð samþykkir að styrkja útgáfuna um kr. 250.000.

8. Lagt fram bréf Þorbjörns Gíslasonar trúnaðarmanns kennara, þar sem hann ítrekar kröfu um greiðslu til handa áheyrnarfulltrúa kennara í fræðsluráði. Byggðarráð ítrekar fyrri ákvörðun í þessu máli og felur sveitarstjóra að svara erindinu.
Samþykkt að taka á dagskrá:
9. Fræðslu-og félagsmálastjóri er mættur til viðræðna við byggðarráð v/starfsmannamála. Þar sem tveir starfsmenn félagsþjónustunnar hafa óskað eftir að minnka starfshlutfall sitt, þá heimilar byggðarráð fræðslu-og félagsmálastjóra að auglýsa eftir starfsmanni til félagsþjónustunnar í 50% starfshlutfall.
10. Lagt fram til kynningar aðalfundarboð Veiðifélags Víðidalstunguheiðar sem haldinn verður 12. apríl n.k. kl: 20:30 í Víðihlíð.
11. Lögð fram til kynningar fundargerð XXVI landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:16

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Leó Örn Þorleifsson.

Elín R. Líndal

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg

Sigurður Kjartansson